

Fyrirspurn
Fyrirspyrjandi
Viðtakandi

E 20/2024
Helge André Njåstad (FrP) og Marius Arion Nilsen (FrP)
Ríkisstjórn Finnlands

E 20/2024 Skrifleg fyrirspurn um kjarnorku í Finnlandi

Til ríkisstjórnar Finnlands

Einn þriðji hluti rafmagns í Finnlands er framleiddur með kjarnorku og kjarnorka gegnir mikilvægu hlutverki í loftlags- og orkustefnu Finnlands. Kjarnakljúfar í Finnlandi eru þrír og verið er að taka þann fimmta (Olkiluoto 3) í notkun í áföngum. Í stefnuáætlun ríkisstjórnar Finnlands kemur fram að hún vinnur að því að enn fleiri kjarnorkuver verði byggð í framtíðinni. Á meðal þeirra sviða sem ríkisstjórnin vill vinna með eru fjármögnunarlausnir fyrir kjarnorkuverkefni og endurskoðun laga um að tryggja verkefnum framgang án hindrana og styðja samkeppnisfærni Finnlands sem fjárfestingarlands. Sérstaklega er áhugavert að minnst er á mikilvægi þess að gera það einfaldara að byggja litla kjarnakljúfa í einingum (SMR). Einnig ef nefnt að Finnland mæli fyrir kjarnorku á vettvangi ESB, meðal annars notkun SMR-kjarnakljúfa.

Fyrirspyrjendum er ekki kunnugt um hvort samræður séu milli norrænu landanna um kjarnorku, og benda á að Svíþjóð er annað norrænt land sem leggur áherslu á aukna uppbyggingu kjarnorku. Norðurlönd eru eitt grænasta og samþættasta svæði heims, með góðri blöndu orkugjafa, og mun kjarnorka gegna stærra og mikilvægara hlutverki þegar fjárfestingar í kjarnorku verða að veruleika. Að mati fyrirspyrjenda ættu að vera góð tækifæri til aukins samráðs og samstarfs um þróun, uppbyggingu og rekstur kjarnorkuvera á Norðurlöndum.

Með vísan til þessa beinum við eftirfarandi spurningum til viðkomandi ráðherra:

- Eiga Svíþjóð og Finnlandi í samstarfi um þróun og byggingu kjarnorkuvera, og ef svo er, hvernig er því samstarfi háttað?
- Er ríkisstjórn Finnlands opin fyrir auknu norrænu samstarfi um þróun og byggingu kjarnorkuvera, og ef svo er, á hvaða svæðum væri slíkt samstarf sérstaklega gagnlegt?
- Getur ríkisstjórn Finnlands lýst því hvernig hún sér fyrir sér að ákjósanlegt fyrirkomulag árangursríks og uppbyggilegs samstarfs um kjarnorku gæti þróast háttað á Norðurlöndum, og hvað hún telur að einstök lönd gætu lagt til í slíku samstarfi?

Ósló, 12. júní 2024

Helge André Njåstad (FrP)

Marius Arion Nilsen (FrP)

